



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

1. árg. 10. tölublað. Nóvember 2005.

EFNI:

Viðbúnaður við heimsfaraldri influensu

Ritstjórn
Haraldur Briem
sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórólfur Guðnason

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

VIÐBÚNAÐUR VIÐ HEIMSFARALDRI INFLÚENSU

Farsóttadeild Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) birti á þessu ári endurskoðun á viðbúnaðaráætlun við heimsfaraldri influensu frá 1999 sem stuðst hafði verið við í áætlanagerð hér á landi. Helstu breytingarnar eru þær að WHO endurskilgreinir viðbúnaðarstiginn sem tengjast nýjum influensustofni sem ógnað getur heilsu manna á heimsvísu. Áframhaldandi vinna við íslenska viðbúnaðaráætlun á þessu ári hefur tekið mið af breyttum áherslum WHO.

Meginmarkmið influensuviðbúnaðar á Íslandi er að:

- Hindra að heimsfaraldur berist til landsins sé þess kostur.
- Draga úr útbreiðslu hans innan landsins eftir því sem unnt er.
- Að lækna og líkna sjúkum.
- Vernda þá sem greina og stunda sjúka.
- Vernda innviði samfélagsins og þá sem viðhalda lífsnauðsynlegri starfsemi í landinu.

Ákvörðun ríkisstjórnar

Vorið 2005 setti ríkisstjórn Íslands á laggirnar nefnd ráðuneytisstjóra heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til að gera úttekt á stöðu mála hér á landi vegna hugsanlegs heimsfaraldurs influensu og leggja fram tillögur um aðgerðir.

Ríkisstjórnin samþykkti þann 7. október 2005 tillögur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra um viðbrögð og aðgerðir vegna

hugsanlegs heimsfaraldurs influensu.

Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar skal fylgjast náið með þróun áhættumats og viðbúnaðar í öðrum löndum, hjá Evrópusambandinu og hjá WHO og aðlaga viðbúnaðaráætlanir hér á landi eftir atvikum í kjölfarið. Það hlutverk yrði fyrst og fremst í höndum heilbrigðisráðuneytis, sóttvarnalæknis og almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra. Samstarf yfirdýralæknis og sóttvarnalæknis skal aukið vegna smitsjúkdóma sem geta borist milli dýra og manna.

Einnig var lögð áhersla á lyfjamál, fræðslu,



Inflúensa getur verið alvarlegur sjúkdómur

æfingar og upplýsingamiðlun. Ákveðið var að nefnd ráðuneytisstjóra heilbrigðis- og tryggingamála- og dóms- og kirkjumálaráðuneyta starfi áfram til að fylgjast með framvindu viðbúnaðaráætlana og meta kostnað við þær.

Lagaákvæði og skipting ábyrgðar

Í íslenskum lögum er kveðið á um viðbrögð við farsóttum og atburðum sem ógna heilsu manna. Lagastöð fyrir skipulagi og
(Framhald bls. 2)

Mikilvægustu aðgerðirnar sem gætu komið að gagni við að hefta útbreiðslu heimsfaraldurs influensu eru bóluefni og influensulyf.

Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar skal fylgjast náið með þróun ábættumats og viðbúnaðar í öðrum löndum, hjá ESB og hjá WHO og aðlaga viðbúnaðaráætlanir hér á landi í kjölfarið.

samhæfingu viðbúnaðar við heimsfaraldri influensu er að finna í IV. kafla sóttvarnalaga nr. 19/1997 um opinberar sóttvarnaráðstafanir, 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 og lögum um almannavarnir nr. 94/1962 með síðari breytingum:



Krufning á rannsóknarstofu vegna gruns um fuglaflensu.

Sóttvarnir

- Yfirstjórn sóttvarna, þ.m.t. viðbúnaðar við heimsfaraldri influensu, heyrir undir heilbrigðisráðherra.
- Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir sóttvarnaráðstöfunum, þ.m.t. viðbúnaði við heimsfaraldri influensu.
- Sóttvarnaráð skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.
- Landlæknir hefur faglegt eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta, heilbrigðisstofnunum, og sóttvarnaráðstöfunum í heimsfaraldri influensu.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

- Yfirstjórn almannavarna, þ.m.t. almennra aðgerða til að halda innviðum samfélagsins starfshæfum og stuðningur við opinberar sóttvarnaráðstafanir, heyrir undir dómismálaráðherra.
- Ríkislögreglustjóri stýrir starfsemi almannavarna í umboði dómismálaráðherra.
- Almennavarnaráð er ríkisstjórninni til ráðgjafar um almannavarnir. Ráðið skal starfa með ríkislögreglustjóra þegar almannavarnaástand skapast.

Sértækar aðgerðir vegna lyfjamála

Mikilvægustu aðgerðirnar sem gætu komið að gagni við að hefta útbreiðslu heimsfaraldurs influensu eru bóluefni og influensulyf. Vitað er að bóluefni verður af skornum skammti í upphafi slíks heimsfaraldurs vegna takmarkaðrar framleiðslugetu lyfjafirmaðarins. Því lögðu norrænu heilbrigðisráðherrarnir til í júní sl. að kannaðir yrðu möguleikar á að hefja framleiðslu influensubóluefnis á Norðurlöndunum og hefur nefnd sérfræðinga unnið að könnun á möguleikum slíkrar framleiðslu. Búist er við að nefndin skili tillögum sínum til ráðherranna um miðjan nóvember nk.

Til eru lyf sem geta stýtt sjúkdómstíma og dregið úr einkennum sjúkdómsins ef þau eru notuð rétt. Ríkisstjórnin heimilaði kaup á nokkru magni af slíkum influensulyfjum, sem nefnast Tamiflu og Relenza, árið 2004. Á þessu ári hafa verið keyptar til viðbótar umtalsverðar birgðir af influensulyfinu Tamiflu sem nota má til meðferðar og fyrirbyggjandi meðferðar influensu. Til eru lyfjabirgðir í landinu fyrir um þriðjung þjóðarinnar, en það hlutfall er með því hæsta sem þekkt meðal annarra þjóða. Til skoðunar eru frekari kaup á influensulyfjum. Ef til heimsfaraldurs influensu kemur verður influensulyfjum dreift til sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva sem sjá munu um dreifingu lyfjanna til þeirra sem á þeim þurfa að halda.



Í ályktun ríkisstjórnarinnar var lagt til að sett yrðu ákvæði í lög um möguleika á neyðaráðstöfunum vegna lyfjafframleiðslu. Lagt var til að hefja framleiðslu dreyppilyfja hér á landi, líkt og gert er í flestum ef ekki öllum nágrannalöndum okkar, og að öryggisbirgðir dreyppilyfja og annarra nauðsynlegra lyfja í landinu verði ávallt samsvarandi a.m.k. þriggja mánaða notkun.